

Sviffrár sértu,  
 hærra, enn þá hærra vertu.  
 Skúmaskotið  
 sönglaust er. Og sárt er brotið  
 vængs og vilja  
 þeim sem létt um langa vegi  
 léku sér á jöðrum bylja,  
 hats og hylja  
 flutu á fönnum.—  
 Flyttu söng mótt sól og degi.  
 Mold og mönnum  
 ljós sem lilja,  
 sólgljá lát þig síðasí hylja.  
 Fljúgðu út úr augsýn mannsins  
 út til friðarlandsins.

*Kristinn Stefánsson*

## IMMANUEL KANT

Útdráttur úr fyrirlestri, sem fluttur var á Menningarfélagsfundí  
 Október 1909 af Guðm. Árnasyni.

Immanuel Kant fæddist árið 1724 í Königsberg á Prússlandi. Foreldrar hans voru fátækt alþýðufólk, faðirinn stund-aði söðlasmiði. Föðurforeldrar hans höfðu komið frá Skotlandi og sezt að á Pýzkalandi. Frá 1740-46 stundaði hann nám við háskólann í fæðingarbæ sínum og gerðist síðan heimiliskennari um hríð, einsog tittr var um háskólakadídata á Pýzkalandi á þeim tímum. Árið 1755 varð hann "prívat-dósent" þ.e. fékk leyfi til að halda fyrirlestra við háskólann, 1770 var hann gerður að prófessor og var það til 1797. Hann dó 1804, 80 ára gamall, stórfraegur fyrir lærðom sinn og heimspeikiskenningar.